Kleppjárnsreykir - Greining og Sviðsmyndir

MARKMIÐ

Að gera landkosta- og sérstöðugreiningu á afmörkuðu svæði til að sýna á hvern hátt landslag á Kleppjárnsreykjum getur þróast. Móta sýn um framtíðarþróun svæðisins og sýna með landslagshönnun hvernig þróun í anda þeirrar sýnar gæti orðið.

KLEPPJÁRNSREYKIR

Kleppjárnsreykir er byggðarhverfi og búa þar um 42 manns. Kleppjárnsreykir er staðsett í Reykholtsdal í Borgarfirði, skammt frá Reykholti. Þar er mikill jarðhiti og margir stórir og vatnsmiklir hverir. Samanlagt náttúrulegt rennsli úr hverum og laugum í Reykholtdal er á fjórða hundrað sekúndulítrar. Þar af koma um þrír fjórðu hlutar úr hverum og laugum við Deildartungu og á Kleppjárnsreykjum, þar sem er annar vatnsmesti hverinn í dalnum. Aðalatvinna þéttbýliskjarnans hefur lengst af tengst ræktun á grænmeti og kennslu við grunnskólann. Grænmetisbændum hefur farið fækkandi vegna erfiðra markaðsskilyrða.

STAÐSETNING KLEPPJÁRNSREYKJAR



LANDSLAGSGREINING

Landmótun Borgarbyggðar er mjög flókin þar sem saman spila tilfærslur á rekbeltum, gosstöðvum og mörg misgengi. Segja má að eldvirkni á svæðinu sé í dag ekki til staðar nema fræðileg og því hverfandi líkur á hraunflóðum, gjóskufalli og flóði undan jöklum. Síðast urðu gos á svæðinu fyrir u.þ.b. 1000 árum. Elstu berglög í Borgarfirði eru talin vera um 13 milljóna ára gömul. Útræn öfl hafa því víða fengið að móta berggrunninn yfir ármilljóna skeið sem hefur skilað sér í myndun fjalla og dala.
Blágrýtisstaflar einkenna berggrunninn í Borgarfirði. Lágsveitir svæðisins sem halla allajafna til suðausturs, eru þannig á svokallaðri rofsléttu sem skorin er í gamlan blágrýtisstafla. Rofsléttan er þakin sjávarleirslögum þar sem lægðir koma fyrir í landslaginu sem veldur myndun flatlendis með mýrum og móum. Upp úr flatlendinu rísa síðan holt og holtaklassar sem stefna að jafnaði frá suðvestri til norðausturs.
Á svæðinu má víðast hvar upplifa nálægð vatns en vatn fellur af hálendinu um dalina. Aðal náttúruauðlind Borgarbyggðar er jarðhitinn. Reykholtsdalur stendur enda öllum öðrum byggðum framar þegar litið er til vatnshvera og lauga. Deildatunguhver er talinn vera með vatnsmestu hverum á jörðinni.

VEÐURFAR



Veðurfar er nokkuð milt. Það er nokkuð hlýtt miðað við allt Ísland. NA-áttir, S- og SA-áttir eru ríkjandi á svæðinu. Áhrifa frá hafi gætir ekki mikið vegan þess að svæðið er það langt frá sjó. Hitamismunur getur því verið meiri bæði dags og nætur og sumar og vetur. Lítil úrkoma er á svæðinu.

SVIÐSMYNDIR

50 ár án nokkurra breytinga
Gróðurhúsin halda áfram að standa óbreytt og yfirgefin, með tímanum brotnar þau niður sem veldur sjónmengun. Staðurinn missir staðarandann og gleymist. Landið fer í órækt.

50 ár ef allt fer á versta veg
Fólk flytur frá svæðinu og staðurinn fer í eyði. Mannvirki skapa hættu vegna niðurníðslu og fokhætta skapast. Gróðurfar mun einkennast af órækt og eyðingu sem leiðir til áfoks og hættu fyrir umferð.

Framtíðarsýn af svæðinu ef allt fer á besta veg
Meira mannlíf. Svæðið mun stuðla að heilsusamlegum lífstíl með fjölbreyttri og skemmtilegri útivist. Svæðið verður aðdráttarafl Borgarbyggðar og hentar ungum sem öldruðum.

Lúísa Heiður Guðnadóttir
LARK 4 - Landslagsgreining
12. maí 2021

Kleppjárnsreykir - Hönnunartillaga

STALDRAÐU VIÐ!

Megin markið tillögunnar er að mynda flæði um Kleppjárnsreyki og auka aðsókn þangað. Náttúrufegurð er nokkur og möguleikar miklir til að njóta frábærar útiveru á svæðinu. Svæðið á að bjóða upp á fjölbreytta afþreyingu, allt frá því að njóta í rólegheitum yfir í að geta stunda hreyfingu í fallegu umhverfi.

STEMNINGSMYNIDR

1. Skógarsvæðið

2. “Hobbita húsin” við tjaldsvæðið

3. Svæði með gufu

4. Hringir sem mynda gufu, breytilegt eftir veðri

5. Dvalarsvæði með hólum og brekkum



6. Ofanvatnslausnir



7. Baðsvæði

8. Gamlir reykkofar

Planteikning af Kleppjárnsreykjum mkv. 1:2000

Lúísa Heiður Guðnadóttir
LARK 4 - Landslagsgreining
12. maí 2021

Kleppjárnsreykir - Hönnunartillaga



Planteikning af Kleppjárnsreykjum mkv. 1:500

MATARTORG

Útivistarsvæði þar sem einstaklingar og fjölskyldur geta komið saman og átt notarlegar samverustundir. Hægt er að versla ferskt grænmeti og ávexti sem ábúendur rækta, veitingarstaður er á staðnum og aðstaða fyrir matarvagna. Gróður einnkennist að berjarunnum og ávaxtatrjám, einnig eru gróðurkassar til ræktunar á ýmsum plöntum. Brekka er á miðju torginu sem myndar óformlega aðstöðu til dvalar og setu, hún snýr vel við síðdegissól og styður þannig sérstaklega vel við mannlíf á torginu.



Sniðteikning af hverasvæði A-A1

Sniðteikning af baðsvæði B-B1

Lúísa Heiður Guðnadóttir
LARK 4 - Landslagsgreining
12. maí 2021